



## Kæru dönskukennarar

Velkomnir til starfa á ný. Vonandi hafið þið átt gott sumar.

### Nýir félagar

Síðustu vikur hafa enn bæst nokkrir nýir félagar í okkar hóp og fögnum við því. Stjórn Félags dönskukennara vill bjóða alla nýja féлага hjartanlega velkomna.

### Heimasíðan

Stjórnin vinnur að því að uppfæra heimasíðu félagsins. Við viljum hvetja ykkur til að senda okkur hugmyndir um efni sem þið teljið að eigi heima þar.



### Námskeið

#### Schæffergårdsnámskeiðið fyrir grunnskólakennara

Námskeið fyrir dönskukennara í grunnskólum var haldið á vegum Menntavísindasviðs í ágústmánuði og þótti takast vel. Þátttakendur hafa lýst áncægju sinni með gott námskeið.

#### Schæffergårdsnámskeið fyrir framhaldsskólakennara

Nú er undirbúningur að Schæffergårdsnámskeiði fyrir framhaldsskólakennara hafinn. Stjórnin fékk Björgu Hilmarsdóttur í HR og Jette Dige Pedersen í Borgarholtsskóla til að sjá um undirbúning og framkvæmd námskeiðsins. Áætlað er að námskeiðið verði haldið 5. - 11. ágúst 2012. Námskeiðið verður auglýst nánar síðar.

**Starfið framundan**  
Stjórnin hefur ýmislegt á þrjónunum á þessu skólaári. Má t.d. nefna að áætlað er að standa fyrir nokkrum fræðslufundum á skólaárinu um ýmislegt sem viðkemur dönskukennslu. Stefnt er að halda fyrstu fundina fyrir jól. Nánar verður greint frá þessu þegar nær dregur. Einnig er áætlað að halda ráðstefnu fyrir dönskukennara í mars 2012.

### Sidste nyt fra Danmark

Við viljum benda ykkur á tvær áhugaverðar greinar úr Politiken um tillögur að breytingum á kennslu erlendra mála í Danmörku.  
<http://politiken.dk/uddannelse/ECE1313148/alle-skal-laere-engelsk-fra-1-klasse/>

Svo er hér önnur grein:

<http://politiken.dk/uddannelse/ECE1360274/minister-klar-til-forsog-med-tidligere-sprogstart-i-folkeskolen/>



### Nýtt námsefni

Stjórninni er kunnugt um nokkrar nýjar útgáfur á námsefni fyrir dönskukennslu.

jafnframt hljóðbók, kennsluleiðbeiningar, hlustunaræfingar. Einnig spil, samtalsæfingar og leikir sem nálgast má á vef Námsgagnastofnunar: <http://www.nams.is>

### Start og Smart

Gefið út af Námsgagnastofnun. Höfundar Ásdís Lovísa Grétarsdóttir og Erna Jessen.

**Start** er byrjendaefni fyrir miðstig grunnskóla og samanstendur af grunnbók og vinnubók. Efninu fylgir

**Smart** er sjálfstætt framhald af Start og er byggt upp á sama hátt.



### Danmarksmosaik III

Gefið út af Bjarti. Höfundar eru Michael Dal og Bjarni Þorsteinsson.

Danmarksmosaik III er ætlað nemendum á framhaldsskólastigi. Efnið samanstendur af textabók, vinnubók, kennsluleiðbeiningum og hlustunarefni sem finna má á heimasíðu Bjarts, [www.bjartur.is](http://www.bjartur.is).

Að auki fylgir heimasíða fyrir kennara og nemendur.

Á kennarasíðunni er að finna:

- Hljóðskrár sem nota má í tengslum í við "Dictogloss" verkefni, "utfyllningsdiktater" o.fl.
- Tillögur að samtalsæfingum.

Á nemendasíðunni er að finna:

- Hljóðskjöl sem nota má í tengslum við lesefnið.
- Hlustunarkafla
- Vefslóðir o.fl.

Nánari upplýsingar um efnið er að finna á slóðinni:

[http://www.pressan.is/Meningarpressan/Lesa\\_Bokmenttir/danmark-unga-folksins](http://www.pressan.is/Meningarpressan/Lesa_Bokmenttir/danmark-unga-folksins)

### Endnu engang, dansk áhh hjælp!



Gefin út af Iðnú.

Höfundur Jette Dige Pedersen.

Efnið er ætlað nemendum í framhaldsskólum í fyrsta einingarbæra áfanganum. Bókin hentar jafnt nemendum á verkmennta- sem bóknámsbrautum. Textarnir og verkefni eru fjölbreytileg og reyna á alla fjóra færniþætti í tungumálanámi. Bókinni er skipt í þemu og

leiðbeiningar/hugmyndir fylgja sem "footnote". Efnislega eru textarnir ólíkir en tengjast flestir dönsku þjóðlífi á einn eða annan hátt. Vísað er í netsíður sem nota má sem aukæfni.

Hlustunarefni er að finna á netinu hjá idnu.is:

<http://www.idnu.is/content/view/422/1/lang,is/>

**Með óskum um gott starfsár.  
Stjórn Félags dönskukennara**